

Ágætu vígðu þjónar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum.

*(Afrít sent formönnum sóknarnefnda til upplýsingar.)*

Eftir að hafa átt mjög góð samtöl við mörg ykkar í febrúar síðastliðnum / byrjun mars hef ég ákveðið að skrifa ykkur þetta bréf til að fylgja eftir þeim orðum mínum að ég sé tilbúinn til að gegna þeirri þjónustu sem felst í því að vera fulltrúi vígðra þjóna á Kirkjuþingi á komandi kjörtímabili úr okkar kjördæmi.

Sú ákvörðun að skrifa þetta bréf byggir á þeirri staðföstu skoðun minni að það sé hluti af uppbyggingu lýðræðislegs samfélags að þau sem taka að sér verkefni eða lýsa sig tilbúin til starfa í umboði annarra skuldi (væntanlegum) kjósendum sínum upplýsingar og kynningu. Því að um leið og það er vissulega gott að tala saman augliti til auglitis eða í síma þá krefst öll málefnavinna þess að orð séu sett á blað og þau gagnrýnd og sannprófuð. Á sama tíma er mér ljós sá vandi sem mér er á höndum og lýst er svo ágætlega í fimmta kafla predikarans sem ég vitna í hér til hægri. En vandi má ekki leiða til verkleysis. Auk þess lít ég svo á að þið viljið geta rætt það við ykkar heimafólk hvort þeim þyki þessi eða hinn frambjóðandinn frambærilegur. Og þar vonast ég til að þetta litla bréf geti reynst hjálplegt til slíkrar umræðu og leyfi mér því að senda afrít bréfsins til formanna sóknarnefnda, enda þykist ég vita að margir þeirra vilja geta séð heildarmyndina hvað fulltrúa kjördæmisins varðar áður en þeir ganga til kosninga um fulltrúa úr röðum leikmanna, m.a. með tilliti til kynjarsjónamiða og búsetu.

Framundan er átakatími í samfélaginu, við spyrjum hvert við viljum stefna og hvort og þá hvernig siðferði geti rutt sér til rúms aftur meðal okkar sem byggjum þetta land. Kirkjan má og á ekki að standa utan þeirrar umræðu, hvorki hvað varðar þátttöku kirkjunnar í umræðunni á almennum vettvangi né þegar kemur að því að rýna í innviði kirkjunnar. **Um leið og það er trú mín og fullvissa að við í þjóðkirkjunni séum á réttri leið og hreint út sagt frábært starf unnið mjög víða innan kirkjunnar, vil ég sjá faglega umræðu um hvernig við getum gert enn betur og hvar sóknarfærin liggja.**

Vel má vera að sumum ykkar þyki sem þetta bréf komi heldur seint, nú þegar aðeins réttur mánuður er til kosninga en sum ykkar sótti ég heim fyrir rúmum sex vikum til að ræða kirkjuþingsframboð mitt. Því er til að svara að í framhaldi af bréfi sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur sem barst okkur í tölvupósti 17.2. þar sem hún tilkynnti um framboð sitt þótti mér það sanngjarnt að ég biði með að senda þetta bréf þar til að hún væri komin aftur úr námsleyfi. Vildi semsagt ekki nýta mér aðstöðumuninn sem ég áleit að gæti myndast þar sem hún væri stödd erlendis.

Með bróðurkveðju og von um að þetta bréf sé gagnlegt, Pétur.



**Í fimmta kafla predikarans standa orð sem hafa verið mér hugleikin upp á síðkastið og leyfi ég mér að gera þau að einkunnarorðum mínum í tilefni þess að ég geti hugsað mér að vera fulltrúi vígðra þjóna úr 7. kjördæmi (Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi):**

*Vertu ekki orðhvatur, hjarta þitt hraði sér ekki að mæla orð frammi fyrir Guði. Guð er á himnum en þú á jörðu, vertu því ekki margorður.*

*Draumar koma þar sem áhyggjurnar eru miklar og úr verður heimskutal þar sem mörg orð eru viðhöfð. Þegar þú gerir Guði heit frestaðu þá ekki að efna það því að hann hefur ekki velþókmun á heimskingjum. Efndu það sem þú lofar. Betra er að þú heitir engu en að þú heitir og efnir ekki.*

*Leyfðu ekki munni þínum að baka líkama þínum sekt og segðu ekki við sendiboðann: Það var fljótfærni. Hvers vegna á Guð að reidast orðum þínum og skemma verk handa þinna? Því að þar sem mikið er um drauma og orð, þar er og mikill hégómi. Óttastu heldur Guð.*

Á Kirkjuþingi sitja 29 kjörnir fulltrúar. 12 þeirra eru úr hópi vígðra, þ.e. djákna og presta en 17 koma úr röðum leikra. Mikilvægt er að þeir fáu fulltrúar sem koma frá landsbyggðakjördæmum fjær höfuðborgarsvæðinu séu meðvitaðir um þá hagsmunagæslu sem hvílir á þeirra herðum hvað kirkjuna úti á landi varðar. Ítreka verður þann aðstöðumun og þær sérstöku þarfir sem kirkjan á landsbyggðinni býr við og eru í beinu samhengi við nálægðina við höfuðborgina. Með því að starfa af myndugleika, koma málefnum fram á faglegan hátt og sýna í orði og verki að kirkjan úti á landi er stór þáttur í ásýnd og ímynd samfélagsins eigum við að geta náð því fram að ákvarðanatöku verði aukin heima í héraði og þeim tilfellum fækki þar sem okkur þyki við vera fjarstýrð úr Reykjavík.

Vandi hagsmunagæslunnar er um leið sá að sem kirkja erum við ein heild. Sú heild nær langt út fyrir raðir hinnar íslensku kirkju. Gæta þarf þess að boðskapur og köllun kirkjunnar verði ekki undir í veraldlegri hagsmunabaráttu. Á hverjum tíma þurfum við að spyrja um skyldur okkar gagnvart náunga okkar, kærleikspjónustupáttur kirkjunnar þarf að vera sýnilegur og þá þannig að hagsmunagæslan sé sanngjörn og ekki á kostnað annarra. Því er mikilvægt að efla hina guðfræðilegu umræðu díakoníunnar. Þá á ég við að brýnt sé að við tvínum díakoníuna á vettvangi saman við guðfræðilega orðræðu kirkjunnar. Það er sterk heild.

Eitt af helstu málum næstu kirkjuþinga verður heildarskipan þjónustu þjóðkirkjunnar. Þar hefur verið mótuð sú stefna að heildarskipan þjónustu þjóðkirkjunnar muni byggja á fyrirliggjandi tillögum um samstarfssvæði. Ætlunin er að gera tillögur um starfsmannahald í sóknum og í sérþjónustu, um presta, djákna, organista og starfsfólk í barna- og unglingastarfi. Fram hefur komið að stefnt verði að því að sú vinna fari fram að höfðu samráði við þar að lútandi aðila. Ég fæ ekki séð nema það skref sé eftir hvað okkar svæði varðar. Og við verðum að líta á það sem sóknarfæri og nýta okkur það sem slíkt. Rödd okkar hér í kjördæmi sjö verður að fá að heyrast í þessu samhengi. Því verður það eitt meginhlutverk fulltrúa okkar á nýju Kirkjuþingi að móta sérstakt samskiptaferli sem snýr að samskiptum kjördæmisins við þá nefnd sem vinnur að þessari framtíðarskipan. Fræðast má meðal annars um þetta mál á: <http://kirkjuthing.is/mal/2009/5>.

Kirkjan okkar byggir á traustum grunni, við höfum séð margt gott gerast á síðustu árum. En við megum ekki láta staðar numið, við þurfum að halda ótrauð áfram, sannfærð um að við séum að berjast trúarinnar góðu baráttu!

Starfsreglur um kjör til Kirkjuþings má nálgast á:  
[http://kirkjan.is/kirkjuthing/?gerdir/2006\\_auka/mal01](http://kirkjan.is/kirkjuthing/?gerdir/2006_auka/mal01)

Í pistli eftir mig sem birtist á trú.is í nóvember 2006 spurði ég: „Hvað er mikilvægara, ramminn sem við erum von að sé til staðar utan um líf okkar eða sá manneskjan sjálf?“ Og ég benti á að við yrðum að spyrja okkur hvort að kerfin sem við höfum komið okkur upp til að styðja við manneskjuna á lífsleiðinni séu orðin mikilvægari en manneskjan sjálf! Í pistlinum stendur m.a.:

*Sem kristin kirkja og kristnir einstaklingar reynum við að fylgja forðæmi Jesú, rétta hjálparhönd og þjóna eftir því sem við höfum burði til. Og Jesús er okkur meira en fyrirmynd. Hann er sá sem við trúum á og hann er sá sem gefur okkur þróttinn. Við komumst ekki langt ef við reynum í eigin mætti að hjálpa, líkna, styðja, hugga ... Sjálfur trúi ég því að þegar ég er í þeirri stöðu að ganga eftir lífsveginum með manneskju sem þarf á stuðningi að halda þá sé ég kærleiksverkfæri í Guðs hendi. ... Hugmyndin „kristinn kærleikur“ var svo óvenjuleg að finna þurfti nýtt grískt orð yfir fyrirbærið. AGAPE sem þýðir í raun óbugandi góðvild. Við viljum þeim sem við elskum á þennan hátt einungis hið besta, burtséð frá framkomu þeirra við okkur. Þennan kærleik sáu lærisveinarnir og fólkið allt endurspeglast í lífi, starfi og framkomu Jesú Krists. Og þessi kærleikur er grundvöllur þjónustunnar, kærleikspjónustunnar.*

# Að vera í sambandi

Mér þykir það vera hlutverk kjörinna fulltrúa leikra sem lærðra að upplýsa samstarfsfólkið heima í héraði reglulega um framgang og stöðu mála. Eins þykir mér áriðandi að kirkjuþingsfulltrúar kynni sér öll mál vel og meti á hverjum tíma hvaða upplýsingum sé mikilvægast að komið sé framfæri við samstarfsfólkið á hverjum tíma. Ekki vegna þess að ritskoða eigi það efni sem fer frá Kirkjuþingi í gegnum hendur fulltrúa til fólksins heima í héraði, heldur til að taka mið af því mikla starfsálagi sem hvílir á prestum og djáknum. Við undirbúning mála fyrir Kirkjuþing þarf oft að hafa hraðar hendur, koma þarf á framfæri athugasemdum og ábendingum á meðan að mál eru á vinnslustigi. Því er mikilvægt að fulltrúi vígðra úr okkar kjördæmi sé í góðu sambandi við aðra sem sitja á þinginu og sérstaklega við Kirkjuráðsfolk og þau sem vinna að mál-efnum tengdu starfi þess á Biskupsstofu..

Umræðan í Þjóðfélaginu öllu á síðustu misserum hefur sýnt að stór hópur í Þjóðfélaginu gerir kröfu til lýðræðislegri vinnubragða og er þá oftast en ekki átt við mikilvægi þess að breiður hópur fólks komi að hvers kyns ákvarðanatöku. Ég tel mikilvægt að við yfirfærum þetta á það fulltrúalýðræði sem störfín á Kirkjuþingi byggja á. Það þýðir fyrir Kirkjuþingsfulltrúa úr okkar kjördæmi sem og úr öðrum kjördæmum að senda frá sér upplýsingar, fræða um stöðu mála og leita viðbragða heima í héraði með persónulegum samtölum, símtölum, netskeytum og öðrum þeim samskiptaleiðum sem möguleg eru hverju sinni.

Við í Þjóðkirkjunni myndum öflugasta félagsskapinn sem til er á Íslandi. Nú gildir að efla tengslanetið innan hans og sækja fram Drottni til dýrðar og íbúum á Íslandi til blessunar.



# Heyrumst!

Netfang: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

Sími á skrifstofu: 464 8800

Sími í vasa: 864 8451

Heimasíða: <http://pb.is>

Facebook: <http://www.facebook.com/petur>

Skype: [petur.thorsteinsson](https://www.skype.com/user/petur.thorsteinsson)

MSN: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

**Í pistli eftir mig sem birtist á trú.is í júlí 2007 geri ég kærleiksþjónustuna og guðsþjónustuna að umræðuefni:**

*Í ljósi náðarinnar stöndum við öll jafnfætis. Við göngum veginn saman með Kristi og hann gefur okkur þann kraft sem við þurfum til samstöðu. Þannig verður samfélagið sterkt því að ef ég hrasa þá réttir þú mér höndina svo að saman getum við gengið áfram. Og í slíku samfélagi erum við vitnisburður um kærleika Krists, sýnum í verki að við erum eitt í Kristi. ... Sá sem sækir guðsþjónustuna þarf að fá kraft og hjartsýni til að ganga aftur út í hið daglega líf sem hluti af samfélagi sem hefur kraft, þor og áræði til þess að standa saman í gegnum súrt og sætt. ... Og þeir sem mættir eru í messuna játa syndir þessa kristna samfélags sem er brotlegt og breyskt. .... Þetta verður sérstaklega skírt í fyrirbæninni þar sem við leggjum neyð og þjáningu systkina okkar í trúnni, mannkynsins alls í hendur Drottins.*

*Mér þykir ljóst: Ef við sem kirkja viljum áfram vera trúverðug og þjóna Drottni hér á jörð þá þurfum við að taka okkur tak og muna að opin kirkja þýðir meira heldur en að stungið sé lykli í skrá og hurð lokið upp.*

## **Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Gleráirkirkju og Evrópufræðingur (MA).**

Pétur Björgvin Þorsteinsson er fæddur á Dalvík 7. febrúar 1967. Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri. Lauk námi frá Karlshöhe í Ludwigsburg, Þýskalandi 1996 af námsbraut í djáknafræðum og trúaruppeldi (Diakonie und Religionspädagogik) 1996. Lauk síðara embættisprófi djákna í Württembergísku kirkjunni 1999. Útskrifaðist með M.A. gráðu í Evrópufræðum frá félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst 7. febrúar 2009. Starfaði sem æskulýðsfulltrúi kirkjunnar í prófastsdæminu Vaihingen / Enz 1996-2000, sem fræðslufulltrúi og síðar framkvæmdastjóri við Háteigskirkju 2000-2004. Djákni í Gleráirkirkju frá 1. janúar 2005. Pétur Björgvin hefur verið virkur leiðtogi í kirkjulegu æskulýðsstarfi frá haustinu 1983. Haustið 2005 lauk hann námskeiði fyrir þjálfara innan styrktaráætlunar Evrópusambandsins sem nefnist „[Evrópa Unga Fólksins](#)“. Sem EUF-þjálfari kemur Pétur Björgvin að innlendum og samevrópskum æskulýðsverkefnum.

### **Menntun:**

1987: Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri  
1989: Lokapróf Tollskóla ríkisins  
1991 (desember) – 1992 (maí): Starfsþjálfun í æskulýðsstarfi hjá EJW, Suður Þýskalandi  
1994: Lokapróf grunnnáms til djákna á Karlshöhe, Ludwigsburg (staatlich anerkannter Erzieher)  
1996: Embættispróf djákna á trúaruppeldisfræðisviði, Karlshöhe, Ludwigsburg  
1997: Vígsla til djákna, 13. júlí 1997 á Karlshöhe, Ludwigsburg  
1999: Lokapróf starfstengds náms djákna í æskulýðsstarfi (II. Dienstprüfung). Karlshöhe.  
2005: Lok 24 daga námskeiðs „Training of Trainers for European Youth Projects“  
2009: (7. febrúar) MA gráða í Evrópufræðum frá Háskólanum á Bifröst.

### **Starfsferill:**

1986-1987: Aðstoðar æskulýðsfulltrúi Æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar með aðsetur á Akureyri.  
1987-1988: Starfsmaður í gestamóttöku á gistiheimili Hjálpræðishersins á Íslandi  
1988-1991: Tollvörður hjá Tollstjóranum í Reykjavík  
1991 (september út nóvember): Stjórn fermingarnámskeiða í Skálholti og aðstoðarmaður rektors  
1996-2000: Æskulýðsfulltrúi prófastdæmisins Vaihingen / Enz í Suður Þýskalandi  
2000-2004: Fræðslufulltrúi / framkvæmdastjóri Háteigskirkju, Reykjavík  
2005-... : Djákni við Gleráirkirkju, Akureyri. (Námsleyfi frá 1. janúar 2008 til 1. júní 2008)

Upplýsingar um útgefið efni, helstu trúnaðarstörf og nánari útskýringar á framangreindu má sjá á: <http://pb.is/news/ferilskra/>

Í pistli sem birtist á trú.is í ágúst 2009 bendi ég á mikilvægi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Laga sem kirkjan öll verður að taka mið af í vinnu sinni og stefnumótun. Í pistlinum segir m.a.:

*Í jafnréttislögum er hugtakið kynjasambætting skilgreint sem leið til að „skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“ Fyrir okkur í Þjóðkirkjunni þýðir þetta að við höfum fengið nýtt verkfæri til að vinna enn frekar að því að auka gæði í allri stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi kirkjunnar. ...*

*Hvort okkur tekst, nú þegar við höfum nýtt verkfæri í höndum, að ganga ákveðið fram í þessa átt, mun sagan vitna um. En teljast verður mikilvægt að við tökum næsta skref með því að hlusta á þau sem hafa komið með jafnréttissjónarmiðin inn í umræðuna á kirkjulegum vettvangi og styrkja þá umræðu. ... Þekking á málefnum kynjanna á því sviði sem hvert og eitt okkar vinnur á, er lykill að skilningi á mikilvægi jafnréttismála og hjálpar okkur til að bera kennsl á þau kynjamynstur sem við höfum komið okkur upp innan kirkjunnar..*